

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2020

ABC barnahjálp á Íslandi
Nýbýlavegi 6
200 Kópavogur
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

ABC barnahjálpar er íslenskt hjálparstarf, stofnað 1988. Starfið snýst um það að gefa fátækum börnum tækifæri til menntunar með því að koma á fót leik-, grunn- og framhaldsskólum þar sem þörf er á ásamt því að styrkja börn til náms, sinna heilbrigðismálum, fullorðisfræðslu, bætri afkomu og neyðarhjálp þegar aðstæður krefjast. Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði árið 2020 og undanfarin ár, félagið byggir afkomu sína á gjöfum, áheitum, söfnunarfé, öðrum framlögum og styrkum ásamt því að starfsrækja nytjamarkað.

Rekstartekjur ársins námu 262,1 millj. kr. samanborið við 263,1 millj. kr. á árinu 2019. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 165,0 millj. kr. miðað við 164,0 millj. kr. á árinu áður. Tekjur ársins umfram gjöld námu 10,1 millj. kr. samkvæmt rekstarreikningi, Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 38,1 millj. kr. í árslok 2020. Heildareignir námu í árslok 43,1 millj. kr.

Samningar við vettvang (skólaverkefni ABC) voru endurnýjaðir í árslok 2020. Áætlað að ABC Barnahjálpar taki þátt í átaksverkefni vegna framkvæmda á vettvangi á fyrri hluta ársins 2021. Áætlað er að aukin framlög á vegna þessa verði 5,5 millj.kr. sem sent verður á árinu 2021. Núverandi leigusamningur um Nytjamarkað rann út í upphafi árs 2021. Félagið hefur lagt til hliðar 3,0 millj. kr. af rekstarafgangi Nytjamarkaðarins árið 2020 til að mæta kostnaði við flutning sem áætlað að falli til á árinu 2021.

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði talsverð áhrif á rekstur félagsins á árinu 2020. Strax í upphafi faraldursins settu stjórn og stjórnendur af stað viðbragðsáætlun þar sem lögð var áhersla á bæði öryggi starfsmanna og rekstursins. Þannig var starfsmönnum félagsins skipt í sóttvarnarhólf, þeim starfsmönnum gefinn kostur á fjarvinnu sem höfðu tök á því ásamt ýmsum breytingum á daglegum rekstri. Félagið nýtti sér að litlu leyti úrræði stjórnvalda varðandi hlutabætur í upphafi faraldursins en það hefur óveruleg áhrif á rekstur ársins. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir gekk starfsemin vel fyrir sig. Stjórnendur telja að Covid-19 faraldurinn muni ekki hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins til framtíðar.


Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2020 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2020.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2021

Í stjórn hjálparstarfsins:



Þórunn Skúladóttir
Sanna Ingimarsdóttir
Kristjana G. Skofvörðsdóttir
Eiranna Svavarsdóttir
Katrín Guðjónsdóttir
Sigrún H. Wíll

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi („félagið“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 11. maí 2021

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Gjafir og áheiti	4	139.067.691	147.713.510
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	4	1.324.118	5.857.864
Vörusala nytjamarkaðar		48.935.404	52.877.325
Önnur framlög og styrkir	5	72.809.602	56.693.348
		262.136.815	263.142.047
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	51.696.231	58.550.966
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	7	165.030.184	164.020.124
Annar rekstrarkostnaður	8	33.449.870	42.726.953
Afskriftir	9	1.482.174	1.841.093
		251.658.459	267.139.136
Rekstarhagnaður (tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		10.478.356	(3.997.089)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		47.852	420.107
Vaxtagjöld		(44.643)	(142.798)
Gengismunur		(406.107)	121.486
		(402.898)	398.795
Hagnaður (tap) ársins	10	10.075.458	(3.598.294)

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Hugbúnaður		3.866.421	3.318.368
Bifreið		734.810	1.224.684
Fastafjármunir samtals	9	<u>4.601.231</u>	<u>4.543.052</u>
Vörubirgðir		9.100	44.100
Viðskiptakröfur		7.978.530	7.993.010
Aðrar skammtímakröfur		1.459.400	740.805
Handbært fé		29.055.427	18.720.299
Veltufjármunir samtals		<u>38.502.457</u>	<u>27.498.214</u>
Eignir samtals		<u><u>43.103.688</u></u>	<u><u>32.041.266</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>38.140.695</u>	<u>28.065.237</u>
Eigið fé samtals		<u>38.140.695</u>	<u>28.065.237</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnun		0	748.845
Viðskiptaskuldir		3.141.369	1.304.827
Ógreidd launatengd gjöld		1.821.624	1.922.357
Skuldir samtals		<u>4.962.993</u>	<u>3.976.029</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>43.103.688</u></u>	<u><u>32.041.266</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Gjafir, áheiti og söfnunarfé börn hjálpa börnum

Gjafir, áheiti og söfnunarfé sem safnast á árinu til hjálparstarfa greinist þannig:

	2020	2019
Gjafir og áheiti	139.067.691	147.713.510
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	1.324.118	5.857.864
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagskrá sjá nánar skýringu nr. 7	(165.030.184)	(164.020.124)
	<u>(24.638.375)</u>	<u>(10.448.750)</u>

5. Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir greinist þannig:

Neyðarsjóður	31.462.539	29.589.068
Rekstrarsjóður, símasafnanir og önnur framlög	38.939.652	21.013.283
Baukar	2.407.411	6.090.997
	<u>72.809.602</u>	<u>56.693.348</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	42.255.465	47.699.102
Lífeyrissjóður	5.429.777	6.165.466
Tryggingagjald	3.028.012	3.555.068
Önnur launatengd gjöld	637.977	751.330
Dagpeningar	345.000	380.000
	<u>51.696.231</u>	<u>58.550.966</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf

	7	10
--	---	----

Skýringar, frh.:

7. Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá

Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá greinist þannig:	2020	2019
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	45.566.684	27.042.268
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	42.762.898	46.813.877
Sent til ABC barnahjálpar í Bangladesh	19.965.714	17.359.887
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	16.994.053	32.333.792
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	15.031.353	15.366.966
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	8.832.866	7.227.164
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	8.075.027	6.978.992
Sent til Norrænu barnahjálparinnar vegna vettvangsþjónustu og eftirlits	7.153.589	10.609.178
Fræðsla til barna á Íslandi	648.000	288.000
	<u>165.030.184</u>	<u>164.020.124</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsaleiga	17.646.998	23.433.848
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	3.725.073	4.063.573
Tölvukostnaður	3.707.128	3.111.532
Skrifstofukostnaður	2.940.898	4.249.363
Auglýsinga og kostnaður vegna fjáraflana	1.897.487	2.013.328
Húsnæðiskostnaður	1.242.329	1.197.345
Aðkeypt þjónusta	1.005.485	1.500.081
Ferðakostnaður og vettfangsþjónusta	494.313	1.970.258
Gjafir og framlög	470.358	631.229
Tryggingar	126.046	145.733
Námskeið	123.530	55.000
Ýmis gjöld	70.225	355.663
	<u>33.449.870</u>	<u>42.726.953</u>

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig.

	Hugbúnaður	Bifreið	Samtals
Heildarverð 1.1.2020	7.185.754	2.449.369	9.635.123
Afskrifað 1.1.2020	(3.867.386)	(1.224.685)	(5.092.071)
Bókfært verð 1.1.2020	3.318.368	1.224.684	4.543.052
Víðbætur ársins	1.540.353	0	1.540.353
Afskrifað á árinu	(992.300)	(489.874)	(1.482.174)
Bókfært verð 31.12.2020	3.866.421	734.810	4.601.231
Heildarverð 31.12.2020	8.726.107	2.449.369	11.175.476
Afskrifað samtals 31.12.2020	(4.859.686)	(1.714.559)	(6.574.245)
Bókfært verð 31.12.2020	3.866.421	734.810	4.601.231

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	2020	2019
Eigið fé 1.1.	28.065.237	31.663.531
Hagnaður ársins	10.075.458	(3.598.294)
Eigið fé 31.12.	<u>38.140.695</u>	<u>28.065.237</u>

Að tilmælum þróunarsamvinnustofnunar hefur félagið lagt til hliðar 12 millj.kr. á meðal handbærs fjár sem hugsað er sem varasjóður.